



Umhverfis- og samgöngunefnd


Sent með tölvupósti.
Reykjavík, 18. febrúar 2021

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu, 320. mál.

Tilv. 202102-0006

Vísað er til umsagnarbeiðni í tölvupósti til Bændasamtaka Íslands frá nefndasviði Alþingis dags. 4. febrúar sl., þar sem óskað var umsagnar um tillögu til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu, 320. mál. Bændasamtök Íslands og Landssamtök sauðfjárbænda hafa farið yfir efni tillögunnar og styðja eindregið að hún verði samþykkt en leggja jafnframt áherslu á að samhliða verði unnið að því að efla þekkingu á kolefnisbindingu með landgræðsluaðgerðum.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands og Landssamtaka sauðfjárbænda,


Guðrún Vaka Steingrímsdóttir



151. löggjafarþing 2020–2021.

Þingskjal 360 — 320. mál.

Þingsályktunartillaga.

Umsögn um „þjóðaráttak í landgræðslu“

Stjórn Landssamtaka skógareigenda þakkar fyrir tækifæri til að gefa umsögn um þingsályktunina um þjóðaráttak í landgræðslu og veitir hér eftirfarandi athugasemdir:

Landssamtök skógareigenda leggst gegn þingsályktunartillögunni og bendir hér á nokkur atriði því til stuðnings.

Landgræðsla ríkisins

Til er stofnun á vegum íslenska ríkisins sem sinnir landgræðslu á landinu. Það er tímaskekkja að leita þurfi til Alþingis til að efla landgræðslu. Vert væri að efla stofnunina sem sinnir málaflokknum með beinum inngripum fremur en að leita á náðir Alþingis.

Kolefnismál

Landgræðsla er góð og göfug til kolefnisbindingar. Það sama á við um skógrækt. Ef ætlunin er að gera þjóðaráttak í landgræðslumálum, sérstaklega í þágu kolefnisbindingar, ætti ekki síður að leggja áherslu á aukna nytjaskógrækt. Það mætti gera á marga vegu, svo sem að efla skógræktarfélög á landsvísu sem og stuðningur við skógarbændur. Skógrækt getur verið mannfrek og með þjóðaráttaki má skapa umtalsverða atvinnu fyrir fólk í bæði dreifbýli sem þéttbýli. Landgræðsla og skógrækt fer auk þess vel saman, enda oft á tíðum sami hluturinn.

Fyrirtæki

Fyrirtæki í atvinnulífinu hafa mörg hver lagt sitt að mörkum við í loftslagsmálum og er það virðingarvert. Þau gera það með mismunandi hætti. Mörg gera engar kröfur um ávinning kolefnibindingar heldur vilja leggja að þeirra mati traustverðugum verkefnum lið. Önnur gera kröfur um vottaðar kolefniseiningar í og vænta mikils um árangurs bindingarinnar. Ávinningur nytjaskógræktar er mjög ábátasamur og stór fyrirtæki eru óðum að sækja á slíkan markað, með vottaðar kolefniseiningar.

Fræðsla

Alþingi, sem og stofnanir ríkisins, eru í þjónustu almennings. Erfitt er að fullyrða um afstöðu heillar þjóðar í flestum atriðum en skoðanakannanir hafa gjarnan reynst gagnlegar til að endurspegla hug almennings ekki bara fyrir kosningar. T.a.m. gaf Gallup út niðurstöður úr umhverfiskönnun meðal almennings fyrir árið 2018. Í svörum tveggja spurninga má ætla að íslenska þjóðin sé hlynnt skógræktaraðgerðum í þágu loftslagsmála (<https://cdn.gallup.is/media/documents/umhverfiskönnun2018.pdf>).

„Spurning 29. Vinsamlegast nefndu 3 atriði sem þú vilt að hið opinbera/ríkið setji í forgang á á sviði umhverfis og loftslagsmála næstu misserum“

Í þriðja sæti yfir aðgerðir sem þjóðin teldi að hið opinbera ætti að leggja áherslu á var skógrækt með 46% svara. Í fyrsta sæti var „draga úr losun gróðurhúsalofttegunda“ með 58% og þar á eftir kom „Auknar ívilnanir til að ódýrara sé að kaupa vistvæna bíla“ með 49%. Í sjötta sæti var endurheimt votlendis með 28%.

„Spurning 48. Hvað, ef eitthvað, hefur þú gert á síðustu 12 mánuðum til að draga úr þeim áhrifum sem þú hefur á umhverfis- og loftslagsbreytingar?“

Þegar spurt var út í aðgerðir almennings má ætla að vöntun er á fræðslu við skógrækt því neðst í upptalningu yfir aðgerðir sem almenningur tók sér fyrir hendur var skógrækt.

Af þessari einu könnun frá 2018 má ætla að almenningur vilji aukna fræðslu um ágæti skógrækt til loftslagsmála en því miður er ekkert fjallað um landgræðslu, sem vissulega er einnig vert að fræða fólk um.

Lagt er til að upplýsingagjöf til almennings, t.d. ríkisreknum fjölmiðlum verði gætt að meðalhófi og fræðsla til almennings verði gerð á jafningjagrundvelli við allar.

Fordæmi ríkisins

Ríki og sveitafélög geta sýnt gott fordæmi kolefnisbindingar. Til að mynda með því að **kaupa vottaðar kolefniseiningar af bændum og landeigendum** og styrkja þannig við land og þjóð. Þannig verður ný auðlind sem nýtist mun framtíð landsins.

Loftslagmál

Fjölmargar mótvægisáðgerðir við hlýnandi loftslagi eru uppi á teningnum hjá þjóðum heimsins og ber þar áberandi mest á því „*verkfæri*“ sem samhljómur er um að sé gagnlegastur við að binda kolefni úr andrúmsloftinu, þ.e. skógrækt. Það er æskilegt að hvetja bændur sem aðra landeigendur (sveitir og borgir) til skógræktar, þó það sé ekki nema í því eina skyni að draga úr gróðurhúsalofttegundum í lofthjúpunum. **Horfa ætti í tækifærin fyrir land og þjóð en ekki búa til hömlur sem draga úr framtakssemi dugmikilla og framtaksamra Íslendinga.** Nytjaskógrækt og skjólbeltarækt þarf að hefja til enn frekari vegs og virðingar.

Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna

Sameinuðu þjóðirnar hafa gefið úr sautján markmið til að samfélaga okkar mannanna geti verið sem sjálfbærast og mannúðlegast. Landgræðsla er gagnleg með án lítills vafa og **skógrækt tikkar í öll boxin**, ef svo má segja. Hér á eftir er upptalning á hverju markmiði fyrir sig og stutt, en ekki tæmandi, útlistun á tengingu við nytjaskógrækt og möguleika hennar á Íslandi.

- 1) **Engin fátækt**- Skógrækt skapar auðlind, sem mun skipta sköpum fyrir næstu kynslóðir.
- 2) **Ekkert hungur**- Takmörkun á gjöfulu ræktarlandi markast af landþekju gróðurs og skóga.
- 3) **Heilsa og vellíðan**- Mannfólk sækir í heilnæmt umhverfi. Skógarlandslag er heilnæmt umhverfi.
- 4) **Menntun fyrir alla**- Skógar veita arð til fólksins sem nota má til mennta.
- 5) **Jafnrétti kynjanna**- Bein- sem óbein störf af skógrækt eru ekki kynbundin.
- 6) **Hreint vatn og hreinlætisaðstaða**- Skógar hreinsa grunnvatn og hægir á rennsli þess til sjávar.
- 7) **Sjálfbær orka**- Skógar ljóstillífa og binda orku í viðnum.
- 8) **Góð atvinna og hagvöxtur**- Skógrækt er heilnæm. Skógur er stækkandi auðlind hagvaxtar.
- 9) **Nýsköpun og uppbygging**- Nýsköpun fylgir vaxandi auðlind og uppbygging fellst í sjálfbærni.
- 10) **Aukinn jöfnuður**- Skógrækt byggir upp atvinnu í dreifðari byggðum landsins.
- 11) **Sjálfbærar borgir og samfélög**- Borgarskógrækt felur í sér fleiri tækifæri en ógnanir.
- 12) **Ábyrg neysla og framleiðsla**- Nytjar í og við skóga yrðu heimaræktaðar í stað aðfluttra.
- 13) **Aðgerðir í loftslagsmálum**- Skógrækt er mótvægisáðgerð við mengun mannsins.
- 14) **Líf í vatni**- Næringarefni úr skógum fylgja straumvatni til vatna og sjávar.
- 15) **Líf á landi**- Eyðimerkur Íslands öðlast líf, ofan sem neðan yfirborðs.
- 16) **Friður og réttlæti**- Það er réttlætismál gagnvart lífi á jörðinni að rækta skóg.
- 17) **Samvinna um markmiðin**- Aukin tækifæri um þekkingarmiðlun milli landa með auknum jöfnuði.

Með kveðju og þökk fyrir tækifærið að fá að veita málinu umsögn



Hlynur Gauti Sigurðsson

Framkvæmdastjóri Landssamtaka skógareigenda.

Sent á nefndasvid@allhingi.is 18. febrúar 2021

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 17. febrúar 2021
Tilvísun: 202102-0006
LÁ
þlp

Efni: Tillaga til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu, 320. mál.

Ísland er til tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 4. febrúar 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu, mál 320.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela umhverfis- og auðlindaráðherra að koma fyrir ágúst 2021 á samstarfi stjórnvalda, bænda, Landgræðslunnar, atvinnulífs og almennings sem miði að því að auka þátttöku almennings í kolefnisbindingu með landgræðslu og hefja þar með þjóðaráttak í landgræðslu.

Náttúrufræðistofnun Íslands skilaði inn umsögn um sama efni þegar 365. mál var lagt fyrir í mars 2020. Sjá bréf Náttúrufræðistofnunar á meðfylgjandi slóð:
https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/tillaga_til_thingsalyktunar_um_thjodaratatak_i_landgraedslu_365_mal.pdf

Náttúrufræðistofnun tekur undir meginmarkmið tillögunnar en ítrekar að samræma þarf aðgerðir sbr. tilvísun í alþjóðasamninga.

Virðingarfyllst,



Þorkell Lindberg Þórarinnsson
forstjóri



320. mál

Ágætu flutningsmenn

Þetta er athygliverð tillaga að mörgu leiti og þörfin fyrir landgræðslu er vissulega til staðar. Set hér fram nokkrar ábendingar:

- Koma skal á fót vettvangi fyrir samstarf stjórnvalda, Landgræðslunnar, ...
Þessu ráða stjórnvöld nú þegar með fjárveitingum sínum til landgræðslu.
- Samstarf við bændur, atvinnulíf og almennings sem miði að því að auka þátttöku almennings í kolefnisbindingu með landgræðslu...
Nú verður þetta flókið fyrir almenning. Skilgreina þarf hvað átt er við með landgræðslu. Landgræðslan hefur upp á síðkastið
helst verið áberandi í endurheimt votlendis.
Síðast liðið haust hvöttu skógræktarfélagin almenning til að safna trjáfræjum og sá þeim. Þátttakan var langt umfram væntingar.
Var þetta ekki landgræðsla?
Er ekki kominn tími til að einfalda hlutin með því að sameina landgræðslu með skógrækt, grasrækt, verndun fyrir ágangi búfjár
og með því að moka ofan í skurði ef það telst landgræðsla.
- Þátttaka atvinnulífsins í verkefninu gæti falist í því að bjóða upp á kolefnisjöfnun viðskipta með landgræðslu.
Fyrirtæki eru mjög áhugasöm um samfélagslega ábyrgð og þar undir kolefnisbindingu á losun sinni.
Fjöldi fyrirtækja bindur nú þegar losun sína að hluta eða öllu leiti t.d. í skógrækt hins vegar fáar ríkisstofnanir.
Spurning mun einnig vakna um það hvort þessi jöfnun verði vottuð.
- Þannig yrði þátttaka almennings tvíþætt, annarsvegar með beinni þátttöku í landgræðslu undir leiðsögn Landgræðslunnar,
Spurning vaknar hvað menn sjá fyrir sér, ef þetta á að vera trúverðugt þarf að skýra það mun betur hverjir valkostir
einstaklinga skuli vera.

Þakka ykkur fyrir að fá tækifæri til að koma með ábendingar.

Með vinsemd og virðingu,
Reynir Kristinsson